

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Fiskislóð 37b.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar þann 28. apríl 2017, breytingu á deiliskipulagi Örfiriseyjar, Vesturhafnar, lóð nr. 37b við Fiskislóð. Í breytingunni felst aukning á nýtingarhlutfalli og hækkun á hámarkshæð bygginga. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Fiskislóð 71-73.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 18. maí 2017, breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar, Örfirisey, lóðarinnar nr. 71-73 við Fiskislóð. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit til norðurs um 7,5 metra. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Hraunbær 103-105.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 18. maí 2017, breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 103-105 við Hraunbæ. Í breytingunni felst m.a. að skerpt er á vafaatriðum í skilmálum varðandi byggingarmagn og bílastæði og settur er inn byggingarreitur fyrir djúpgáma á lóðinni. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 8. júní 2017.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 8. júní 2017